



## Ársreikningur 2016

**Knattspyrnudeild**

**Meistaraflokkar**



# Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda .....	1
Áritun félagskjörinna skoðunarmanna .....	2
Áritun stjórnar .....	3
Skýrsla stjórnar .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu

Undirritaður hefur kannað meðfylgjandi ársreikning meistaraflokks knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, yfirlit um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi lög um ársreikninga. Ábyrgð undirritaðs felst í ályktun um ársreikninginn sem byggir á könnuninni.


## Umfang könnunar

Könnunin var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi er álit um endurskoðun ekki látið í ljós.

## Ályktun

Við könnunina kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2016, efnahag þess 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu í samræmi við lög um ársreikninga.

Seltjarnarnesi 16. mars 2017



Ásbjörn Björnsson  
löggiltur endurskoðandi




# Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning meistaraflokks knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2016. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2016 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn Knattspyrnudeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning meistaraflokks deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 16. mars 2017

  
Guðjón Norðfjörð

  
Bjarni Torfi Alþórsson




# Áritun stjórnar

Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 16. mars 2017

  
Hilmar S. Sigurðsson

  
Sölvi Snær Magnússon

  
Dofri Pétursson

  
Magnús Gunnarsson

  
Arnar Rafn Birgisson

  
Birgir Tjörvi Pétursson

\_\_\_\_\_  
Halldór Eyjólfsson

\_\_\_\_\_  
Elias Kristjánsson

  
Hildur Olafsdóttir



# Skýrsla stjórnar Knattspyrnudeild Gróttu 2016

## Meistaraflokkur kk og kvk

### I stjórn deildarinnar á árinu 2016 störfuðu:

Hilmar S Sigurðsson formaður

Sölvi Snær Magnússon varaformaður

Magnús Gunnarsson gjaldkeri

Dofri Pétursson ritari

Hildur Ólafsdóttir meðstjórnandi

Birgir Tjörvi Pétursson meðstjórnandi

Arnar Rafn Birgirsson meðstjórnandi

Halldór Eyjólffsson meðstjórnandi og formaður yngri flokka

Elías Kristjánsson meðstjórnandi

Stjórnin fundaði mánaðarlega og gekk vel að vinna þau verkefni sem voru í gangi á árinu. Kristán Daði Þjálfari sat flesta stjórnarfundi m.a. til þess að heyra sjónarmið þjálfara.

### Meistaraflokkur karla:

Undirbúningstímabil meistaraflokks karla fyrir keppnistímabilið 2016 gekk vel og voru strax miklar væntingar um að liðið ætti möguleika að vinna sæti aftur í 1. deildinni. Gróttu varð Lengjubikarmeistari í B- deildinni. Síðan var liðið efri hluta deildar allt sumarið náði að tryggja sér annað sæti í 2. deildinni og um leið sæti í 1. deildinni á árinu 2017. Meistaraflokkur kk var að meistu skipaður uppöldum Gróttumönnum. Á uppskeruhátíð meistaraflokks var Guðmundur Marteinn Hannesson fyrirlíði valinn bestur og Dagur Guðjónsson efnilegastur.

Nýtt og öflugt þjálfarateymi stýrðu liðinu, þeir Úlfur Blandon og Ásgeir Aron Ásgeirsson. Miklar vonir eru bundnar við þeirra störf og þá sérstaklega að byggja upp nýtt ungt lið með ungum uppöldum Gróttustrákum. Úlfur og Ásgeir hættu störfum eftir tímabilið og er þeim þökkúð vel unnin störf fyrir klúbbinn. Það er spennandi ár framundan og liðið verður áfram byggt á ungum og efnilegum leikmönnum. Þórhallur Dan Jóhannsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks karla og honum til aðstoðar verður Sigurður Brynjólfsson.

### Meistaraflokkur kvenna:

Meistaraflokkurinn var stofnaður og skráði lið til leiks á Íslandsmóttinu. Þetta var stór stund í sögu félagsins og mikil eftirvænting var í liðinu að byrja mótið og spila sína fyrstu leiki. Það var á brattann að sækja og margir erfiðir leikir spilaðir í sumar. Þrátt fyrir að á móti hafi blásið þá héldu stelpurnar okkar áfram að berjast til þrautar í öllum leikjum. Í síðustu leikjum mótsins gekk betur og sýndi liðið þá hvað í því býr undir dyggri stjórn Guðjóns Kristinnssonar sem verður áfram með liðið á næsta ári. Á uppskeruhátíðinni var Bjargey Ólafsdóttir valin besti leikmaðurinn og Diljá Mjöll Aronisdóttir efnilegust. Það verður gaman sjá liðið spila á næsta móti eftir að hafa fengið betri þjálfun og undirbúning.

Ný stefnumótun fyrir knattspyrnudeild Gróttu, svonefnd Gróttuleiðin og þar er lögð áhersla að ungir leikmenn í Gróttu fái tækifæri til þess að sanna sig með meistaraflokki, vaxa og dafna með sínu uppeldisfélagi sem gæti opnað frekari möguleika með landsliðinu eða önnur stærri tækifæri hérlendis eða erlendis.

Helstu tekjurlindir meistaraflokks voru auglýsingaskilti á völlinn. Jólablað knattspyrnudeildar kom út sjötta árið í röð rétt fyrir jólin og einnig var haldið velheppnað þorablót Seltirninga í samstarfi við handknattleiksdeild. Samstarfið við Vivaldi Ísland ehf um Vivaldivöllinn gekk vel.

Hagnaður var af rekstri meistaraflokkana á árinu 2016 og eigið fé er jákvætt.

Ég vil þakka stjórn knattspyrnudeildar, leikmönnum og þjálfurum félagsins fyrir gott samstarf á árinu. Að lokum vil ég þakka starfsmönnum Gróttu og ekki síst bæjarstjórn Seltjarnarnessbæjar og ÍTS fyrir allann stuðninginn á árinu.

Seltjarnarnesi 16. mars 2017

F.h. stjórnar knattspyrnudeildar Gróttu

Hilmar S. Sigurðsson, formaður



# Rekstrarreikningur 2016

Rekstrartekjur	Skýr.	2016	2015
Framlög og styrkir .....	3	18.041.178	11.338.293
Tekjur af mótum .....		936.264	1.727.010
Auglýsingatekjur .....	4	6.536.027	7.111.691
Aðrar tekjur .....		1.730.000	2.250.000
		<u>27.243.469</u>	<u>22.426.994</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Verktakagreiðslur .....		7.518.630	7.776.500
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir) .....		6.027.500	4.500.000
Áhöld, tæki og búnaður .....		1.503.997	1.289.589
Þátttaka og kostnaður vegna móta .....	5	6.156.620	5.946.646
Rekstur vallarhúss .....		10.000	82.809
Annar kostnaður .....	6	1.491.827	2.323.095
		<u>22.708.574</u>	<u>21.918.639</u>
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>508.355</b>
		4.534.895	
<b>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur .....		11.539	29.230
Vaxtagjöld .....		(10.234)	(298)
		<u>1.305</u>	<u>28.932</u>
		<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>	<b>537.287</b>
		4.536.200	
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>			
Endurmat leikmanna .....	7	(200.000)	0
		<u>4.336.200</u>	<u>537.287</u>





# Efnahagsreikningur 31/12 2016

## Eignir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
<b>Fastafjármunir</b>			
Leikmenn .....	7	<u>800.000</u>	<u>1.000.000</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>800.000</u>	<u>1.000.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Skammtímakröfur .....		<u>8.498.665</u>	<u>3.766.469</u>
Handbært fé .....		<u>1.111.395</u>	<u>105.010</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>9.610.060</u>	<u>3.871.479</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>10.410.060</u>	<u>4.871.479</u>

## Eigið fé og skuldir

	<i>Skýr.</i>	2016	2015
<b>Eigið fé</b>			
Leikmenn .....		<u>800.000</u>	<u>1.000.000</u>
Óráðstafað eigið fé .....		<u>6.885.366</u>	<u>2.349.166</u>
<b>Eigið fé samtals</b>	8	<u>7.685.366</u>	<u>3.349.166</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		<u>2.724.694</u>	<u>1.522.313</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>2.724.694</u>	<u>1.522.313</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>2.724.694</u>	<u>1.522.313</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>10.410.060</u>	<u>4.871.479</u>



# Sjóðstreymi 2016

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2016	2015
Hagnaður, (Tap) ársins .....		4.336.200	537.287
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Matsbreyting leikmanna .....	7	<u>200.000</u>	<u>0</u>
Hreint veltufé frá rekstri		4.536.200	537.287
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur .....		(4.732.196)	(1.408.589)
Skammtímaskuldir .....		<u>1.202.381</u>	<u>827.663</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(3.529.815)	(580.926)
		<u>1.006.385</u>	<u>(43.639)</u>
Handbært fé (til) frá rekstri		1.006.385	(43.639)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....		1.006.385	(43.639)
Handbært fé í ársbyrjun .....		105.010	148.649
Handbært fé í árslok .....		<u>1.111.395</u>	<u>105.010</u>



# Skýringar

## 1. Upplýsingar um félagið

Knattspyrnudeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, knattspyrnudeildar Gróttu, er ársreikningur meistaraflokks karla, en enginn meistaraflokkur kvenna er hjá Gróttu.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

### Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## 3. Framlög og styrkir

	2016	2015
Húsaleigustyrkir .....	5.500.000	4.500.000
Ferðastyrkir .....	1.927.000	1.917.149
Rekstrarstyrkur .....	5.860.800	4.060.800
KSÍ styrkir .....	3.269.000	400.000
Aðrir styrkir .....	1.484.378	460.344
	<u>18.041.178</u>	<u>11.338.293</u>

## 4. Auglýsingatekjur

	2016	2015
Skilti á íþróttavelli .....	4.890.027	4.464.191
Aðrar auglýsingatekjur .....	1.646.000	2.647.500
	<u>6.536.027</u>	<u>7.111.691</u>



# Skýringar

## 5. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2016	2015
Ferðakostnaður innanlands .....	3.733.015	3.349.228
Sjúkrakostnaður .....	479.721	1.273.198
Annar kostnaður vegna leikmanna .....	1.821.836	1.096.839
Annar kostnaður .....	122.048	227.381
	<u>6.156.620</u>	<u>5.946.646</u>

## 6. Annar kostnaður

	2016	2015
Félagaskipti og sala leikmanna .....	388.000	577.128
Rekstur skrifstofu .....	352.377	356.648
Kostnaður vegna leikja .....	340.066	1.097.979
Kostnaður vegna búninga .....	0	51.642
Kynning, fræðsla og útbreiðsla .....	0	0
Skemmtanahald, þorablót .....	271.483	126.673
Annar kostnaður .....	139.901	113.025
	<u>1.491.827</u>	<u>2.323.095</u>

## 7. Leikmenn

Verðmæti leikmanna Knattspyrnudeildar Gróttu nam 0,8 mkr. í lok ársins. Leikmenn eru eignfærðir samkvæmt mati eins og það er gefið út af Knattspyrnusambandi Íslands í lok ársins. Breyting á mati ársins er færð í gegnum rekstrarreikning.

## 8. Eigið fé

	Óráðstafað eigið fé	Leikmenn	Samtals
Eigið fé 1/1 .....	2.349.166	1.000.000	3.349.166
Afkoma ársins .....	4.336.200	0	4.336.200
Endurmat skv. leikmannaskrá .....	200.000	(200.000)	0
Eigið fé 31/12 .....	<u>6.885.366</u>	<u>800.000</u>	<u>7.685.366</u>